

**Námsáætlun fyrir textílmennt - 4. bekkur
skólaárið 2017 – 2018**



Kennari: Birna Petrína Sigurgeirsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálf t skólaárið

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Handverk, aðferðir og tækni	-notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum -unnið úr nokkrum gerðum textílefna -unnið eftir einföldum leiðbeiningum	Vélsaumur - nemendur fá kennslu í umhirðu saumavéla og vinna þjálfunarverkefni í pappír. Sníða og sauma bangsa úr flísefni. Krosssaumur - sauma útsaumsmynd í java með perlugarni og læra að telja út eftir mynstri. Blautþæfing – þæfa vasa úr ullarkembu utan um glerflösku, þæfa laufblöð og festa á grein.	Frammistaða í tímum er metin. Vinnubrögð og færni er metin í gegnum verklega vinnu.
Sköpun, hönnun og útfærsla	-tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu -skreytt textílvinnu á einfaldan hátt -gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni -leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum	Bangsaverkefni- nemendur hanna og sauma föt á bangsann. Vasi og greinar úr þæfðri ull, unnið með munstur og litasamsettningu. Notast er við netmiðla við hugmyndavinnu og myndbönd af youtube tengd efnisfræði skoðuð. Bækur tengdar textíl um fatnað fyrr og nú skoðaðar.	Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu.

<p>Menning og umhverfi</p>	<p>-sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt</p> <p>-sagt frá nokkrum tegundum textílefna</p> <p>-fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna</p> <p>-notað ný og endurunnin efni í textílvinnu</p>	<p>Nemendur læra um íslensku ullina og helstu eiginleika hennar.</p> <p>Nemendur vinna með flísefni, bómull og ull í verkefnum sínum.</p> <p>Kynning og umræður um fatnað fyrr og nú út frá athöfnum, tilefna og veðri.</p> <p>Kynning og umræður um íslenska þjóðbúninginn og gildi hans.</p> <p>Fatnaður á bangsann er saumaður úr afgangsefni.</p>	<p>Metin er skilningur nemenda á mismunandi textílefnum.</p> <p>Metin er hæfi til að vinna með ólík textílefni við verkefnagerð.</p>
<p>Námsgögn: Bækur, blöð og snið sem tengist textíl, verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans.</p>			
<p>Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.</p>			